

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 13/2004

frá 6. febrúar 2004

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2003 frá 7. nóvember 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1192/2003 frá 3. júlí 2003 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 91/2003 um hagskýrslur um járnbrautarflutninga ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi á ekki að gilda á Íslandi.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 7. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 91/2003) í XXI. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32003 R 1192:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1192/2003 frá 3. júlí 2003 (Stjtið. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 13).“

2. gr.

Norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1192/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 41, 12.2.2004, bls. 60 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 7, 12.2.2004, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 167, 4.7.2003, bls. 13.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann